

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um að frítt verði í Strætó á kjördag

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beina því til stjórnar Strætó að samþykkja gjaldfrjálsan Strætó á kjördag. Þetta á við þá daga þegar alþingis-, forseta- og sveitastjórnarkosningar eiga sér stað. Einnig gildi þetta ef þjóðaratkvæðagreiðsla á sér stað. Þau sem greiða atkvæði utan kjörfundar skuli einnig eiga rétt á gjaldfrjálsu Strætó á kjörstað. Strætó kynni fyrir notendum með góðum fyrirvara að þessi þjónusta sé í boði.

Greinargerð

Mikilvægt er að allir íbúar hafa tryggan aðgang að kjörstöðum. Með því að bjóða upp á gjaldfrjálsar almenningssamgöngur á kjördegi og til að greiða atkvæði utan kjörfundar eru borgin og önnur sveitarfélög sem standa að Strætó bs. að sjá til þess að fólk sé ekki rukkað til að komast á kjörstað. Margoft hefur verið sýnt fram á að kjörsókn tekjulægra fólks er lægri en þeirra tekjuhærri og með því að hafa frítt í strætó á kjördag er unnt að tryggja að fargjöld standi ekki í vegi fyrir því að kjósendur komist á kjörstað með strætó. Auk þess hefur dregið úr kjörsókn á síðustu árum og þetta er ein aðgerð til að bæta aðgengi kjósanda að kjörstað. Margar strætóleiðir innan borgarinnar fara einnig inn í önnur sveitarfélög og því ákjósanlegt að tryggja gjaldfrjálsan strætó þennan dag á öllu höfuðborgarsvæðinu.